

Vinnuregla fyrir útgáfu lyfjaskírteinis

Krabbamein – lyf samkvæmt sérstökum lista

Dagsetning: 1. mars 2010

Skilyrði fyrir útgáfu lyfjaskírteinis

- Krabbameinsmeðferð.

Í grunnvottorði læknis vegna krabbameins eru skilgreindir tveir flokkar eftir batahorfum, flokkur I og flokkur II. Einstaklingar í flokki I fá útgefin lyfjaskírteini samkvæmt lyfjalista, sjá á heimasíðu sjúkratrygginga. Ef óskað er eftir greiðsluþátttöku í lyfi sem viðkomandi þarf að nota vegna krabbameinsmeðferðarinnar og er ekki á lyfjalista er hægt að sækja um það sérstaklega og færa rök fyrir notkuninni.

Lyf notuð vegna annarra sjúkdóma falla ekki undir þessa reglu, þau geta fallið undir almennar eða sértækar vinnureglur.

Fyrir einstaklinga í flokki II gilda sömu reglur og fyrir aðra í samfélaginu.

Greiðsluþátttaka sjúkratrygginga:

*-merkt, sjúkratryggingar greiða lyfið að fullu

Gildistími:

Flokkur I: 1 ár - eða samkvæmt skráningu læknis á grunnvottorði